



Mennta- og barnamálaráðuneyti
Borgartún 33, 105 Reykjavík
mnr@mnr.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 8. ágúst 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um breytingu á ýmsum lögum (gagnagrunnur nemendaupplýsinga), mál nr. S-125/2025

Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingar á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, nr. 91/2023, lögum um leikskóla, nr. 90/2008, lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, mál nr. S-125/2025.

Samtökin fagna áherslu stjórnvalda á stafræna umbreytingu menntakerfisins og mikilvægi þess að byggja upp kerfi sem styðja við snemmtækan stuðning, betri yfirsýn og markvissa upplýsingagjöf um nám og námsframvindu barna. Hins vegar vilja samtökin koma á framfæri alvarlegum athugasemdum við þann þátt frumvarpsins sem lýtur að þróun og rekstri hins miðlæga gagnagrunns, sérstaklega með hliðsjón af aðkomu einkaaðila. Það er engin umfjöllun um útboð, opið samráð um tæknilegar lausnir eða möguleika fyrirtækja á að bjóða fram þjónustu sína.

Skortur á aðkomu fyrirtækja og samkeppni

Í frumvarpinu og meðfylgjandi gögnum kemur fram að kerfið sé þegar „í smíðum“ og að rekstur þess verði alfarið í höndum opinberrar stofnunar, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Engin umfjöllun er um:

- útboð eða valferli,
- tækifæri einkaaðila til að bjóða lausnir sínar,
- samráð um tæknilegar forsendur eða opið vistkerfi.

Þetta felur í sér beina útilokun fyrirtækja innan SI frá þátttöku í þróun og rekstri gagnagrunnsins. Slíkt fyrirkomulag er íþyngjandi fyrir íslensk menntatæknifyrirtæki og önnur fyrirtæki sem þróa og framleiða hugbúnaðarlausnir sem þegar bjóða fjölbreyttar lausnir á sviði rauntímagagnaöflunar, námsgreininga og einstaklingsmiðaðs námsstuðnings.

Íþyngjandi áhrif á nýsköpun og samkeppnishæfni

Með því að byggja upp lokað, ríkisrekið og opinberlega þróað kerfi án virkrar þátttöku markaðarins eru neikvæð áhrif fyrirsjáanleg. Þar má nefna minni möguleika fyrirtækja til



nýsköpunar og þróunar með opinberum aðilum. Þá er um að ræða óskilvirka nýtingu opinbers fjár ef ekki er tryggt að besta fáanleg lausn sé valin í opnu og gagnsæju ferli.

Dæmi frá öðrum ríkjum, virkt samstarf við einkaaðila við þróun gagnagrunna

Til að stuðla að virkri nýsköpun, hagkvæmni og gæðum í þróun stafrænnar þjónustu hafa mörg ríki valið að vinna að þróun og rekstri menntagagnagrunna í samstarfi við einkaaðila. Slík nálgun stuðlar að samkeppni, fjölbreyttum lausnum og betri nýtingu opinbers fjár. Eftirfarandi eru dæmi um slíka framkvæmd.

Eistland – EHIS og eKool

Eistland rekur miðlægan gagnagrunn um menntun, EHIS (Estonian Education Information System), sem heldur utan um upplýsingar um alla nemendur. Auk þess er notað skólakerfið eKool, þróað af einkaaðilum og samþætt við EHIS í gegnum opin API. Ríkið tryggir öryggi gagnanna, en þjónustur, viðmót og greiningar eru veitt af einkafyrirtækjum (OECD, 2020; UNESCO, 2021).

Svíþjóð – Skolverket og edtech-útboð

Svíþjóð hefur þróað stafræna prófakerfið NDP og fleiri gagnagrunna í gegnum opna útboðsferla þar sem bæði stór og smá edtech-fyrirtæki taka þátt (Swedish Edtech Industry, 2023). Gagnagrunnarnir eru með opnum API-tengingum og fyrirtæki geta þróað viðbótartól og samþætt lausnir sínar beint.

Noregur – GREPPA og Udir

GREPPA er miðlægur gagnagrunnur í eigu norska menntamálaráðuneytisins en hefur verið þróaður og tengdur við kerfi frá einkaaðilum, þar á meðal Nets Norway. Notkun opinna staðla og samþættingarviðmóta (t.d. Ed-Fi) gerir öðrum aðilum kleift að þróa lausnir á grunni kerfisins (Utdanningsdirektoratet, 2022).

Finnland – Koski og opin samþætting

Finnska Koskikerfið heldur utan um námsferil allra nemenda. Með opnum API og samþættum stöðlum geta sveitarfélög, skólar og einkaaðilar þróað eigin lausnir ofan á grunnkerfið. Nýsköpunarfyrirtæki hafa þróað greiningartól, nemendakerfi og nemendastuðning sem nýta gögnin beint (Finnish National Agency for Education, 2022).

Tillögur til úrbóta

SI leggja til að eftirfarandi verði tryggt í áframhaldandi vinnslu frumvarpsins.

- Opin útboðs- eða samráðsferli við þróun og innleiðingu gagnagrunnsins.
- Tækifæri fyrir fyrirtæki á markaði til að bjóða tæknilausnir, þjónustu eða samþættingar.
- Að kerfið verði opið vistkerfi, t.d. með API aðgangi að samþykktum aðilum, þannig að fyrirtæki geti þróað viðbótartól, greiningar og þjónustu á grunni gagnagrunnsins.
- Að í framtíðarskipulagi rekstrar og þróunar verði horft til samstarfs við nýsköpunargeirann og atvinnulífið í heild.



Lokaorð

Samkvæmt frummati stjórnvalda er áætlaður stofnkostnaður við miðlægan gagnagrunn um nemendaupplýsingar 788 milljónir króna á árunum 2024–2027, en árlegur rekstrarkostnaður eftir það 70 milljónir króna, sem þýðir að heildarkostnaður yfir 10 ára tímabil nemur a.m.k. 1,5 milljörðum króna. Þessi fjárfesting í opinberri stafrænni innviðapjónustu kallar á gagnsæi og virka útgjaldastýringu, en engu að síður er engin umfjöllun í frumvarpi eða fylgigögnum um útboð, samráð við markaðinn eða aðkomu einkaaðila. Slík framkvæmd er íþyngjandi fyrir fyrirtæki í menntatækni og hugbúnaði innan Samtaka iðnaðarins og dregur úr tækifærum til nýsköpunar og hagræðingar. Samtökin telja því brýnt að tryggt verði opið og gagnsætt ferli við áframhaldandi þróun og rekstur gagnagrunnsins, í samræmi við meginreglur laga um opinber innkaup og markmið um öflugt samstarf ríkis og atvinnulífs í stafrænum umbreytingum. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til að sjá menntatæknigeirann sem hluta af lausninni. Með því að virkja nýsköpun og þekkingu fyrirtækja innan SI má bæði auka gæði kerfisins, tryggja hagkvæmni og styðja við samkeppnishæfni íslensks iðnaðar.

Áformin, í núverandi mynd, eru íþyngjandi fyrir íslensk upplýsingatækni- og menntatæknifyrirtæki og ganga gegn þeim markmiðum um virka samkeppni, stafræna nýsköpun og hagkvæm opinber innkaup sem stjórnvöld hafa áður sett sér.

Framangreindar ábendingar eru settar fram með fyrirvara um frekari athugasemdir og vonast samtökin til að fá tækifæri til að útskýra framkomin sjónarmið nánar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum
hjá Samtökum iðnaðarins